



Framkvæmda- fréttir 29. tbl. /03



Fyrstu bilferðar
yfir Sprengisand
minnst með sýningu
í Hrauneyjum

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra skoðar myndasýningu í Hrauneyjum. Á bak við Guðna má þekkja Bjarna Harðarson ritstjóra Sunnlenska fréttablaðsins. Sjá frásögn Jóns J. Víðis her að neðan og frétt á bls. 10.

Jón J. Víðis

Fyrsta ferð í bifreið um Sprengisand, dagana 14. - 20. ágúst 1933

Sumarið 1929 lét Vegagerðin ryðja bílfæra leið um Kaldadal, milli byggða og var það einn liður í undirbúningi undir Alþingishátíðina. Þessu verki stjórnaði Sigurður Jónsson frá Laug.

Þegar á fyrsta sumri ók fjöldi manns um Kaldadal þó vegur væri mjög frumstæður. Þessar ferðir ýttu mjög undir bílferðir víða um öræfin.

Síðsumars 1930 fórum við fjórir, Einar Magnússon, Ásgeir Ásgeirsson frá Fróðá og Sigurður frá Laug, er var bílstjóri, á gömlum fjögurra manna Fordbíl frá '27, um vegleysur, frá Gullfossi norður á Bláfellsháls og víðar um þær slóðir. Þarna voru á köflum greiðfærir sandar og melar, en á milli voru nær því ófær urðarklungur, einkum á svæðinu skammt norður af Gullfossi og á Bláfellshálsi.



Við höfðum allir komið að Hvítarvatni og farið ríðandi norður Kjöl. Í þetta sinn urðum við að gefast upp við að komast það í bíl. Þrátt fyrir þetta ræddum við um ýmsa aðra fjallvegi

Jón J. Víðis mælingamaður
starfaði hjá Vegagerðinni 1922 til 1975.

sem gaman væri að reyna að fara í bíl m.a. Sprengisand. Í fyrstu töldum við það raunar fjarstæðu. En það varð þó til þess að allir fórum við í alvöru að hugleiða það, hvort ekki mætti raunverulega komast í bíl Sprengisandsleið, frá Suðurlandi norður um.

Nokkru eftir förina á Bláfellsháls frétti ég að Þórður bóndi Flóventsson, frá Svartárkoti væri staddur í bænum nýkominn úr Sprengisandsför. Ég leitaði hann þegar uppi og var hann svo vingjarnlegur að koma tvívegis heim til mín og fræða mig um leiðina. Þórður hafði tvívegis rekið fé um Sprengisand, milli byggða og hann hlóð, ásamt öðrum, vörður á nokkrum hluta leiðarinnar. Hann lýsti leiðinni greinilega fyrir mér og vissi nákvæmlega hve lengi hann væri milli áfanga.

Ekkert landabréf var um þessar mundir til af hálandinu, nema kort Björns Gunnlaugssonar og kort Þorvalds Thoroddsens. Ég dró upp leiðina milli byggða, eftir korti Þorvalds Thoroddsens og færði þar inn á upplýsingar frá Þórði. Þetta kortriss er dagsett 12.10.1930.


Einar Magnússon víðaði einnig að sér ýmsum upplýsingum og fróðleik um Sprengisandsleið og við ræddum oft um þetta áhugamál okkar og þar kom, að eftir þeim upplýsingum er

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 29. tbl. 11. árg. nr. 351 20. okt. 2003

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ösk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Ekkert landabréf var um þessar mundir til af hálandinu nema kort Björns Gunnlaugssonar og kort Þorvalds Thoroddsens. Jón dró upp leiðina milli byggða, eftir korti Þorvalds Thoroddsens og færði þar inn á upplýsingar frá Þórði bónda Flóventssyni (1929-30).

við höfðum nú aflað okkur, fórum við að trúa því, að leiðin norður Sprengisand væri fær. Líklega væri hún í heild mun greiðfærari en leiðin á Bláfellsháls, og við vorum nú ákveðnir í því að freista að komast þessa leið í bíl, ef nokkur tók væru á.

En árin liðu og það var ekki fyrr en í ágúst 1933 að förin var farin. Til hennar völdust auk mín Einar Magnússon og Valdimar Sveinbjörnsson, menntaskólakennarar. Sigurður frá Laug var einnig til í Sprengisands-ævintýrið. Gamli Fordbílinn var dubbaður upp fyrir ferðina, fékk nýjan gang og sitthvað fleira og eitthvað af varahlutum.


Við höfðum með okkur kortið, er ég gerði 1930, en auk þess ljósprentaðan uppdrátt af nyrðri hluta leiðarinnar, frá Tungnafellsjökli norður í byggð. Var það eftir próförk af landmælingakortum sem þá voru að koma út. Kompás höfðum við meðferðis.

Ég á ennþá dagbókina er ég hélt í ferðinni. Bókina hafði ég stöðugt í höndum mér í bílnum og skrifaði niður allaf jafnóðum, er veður leyfði og svo á kvöldin er komið var í náttstað.

Hér fer á eftir afrit af dagbókinni:

Sprengisandsferð í ágúst 1933

Bíllinn er óyfirbyggður Fordbíl, 4 manna, frá 1927. Engin sæti eru aftur í bílnum, en þar er raðað matvælakössum, tjaldi, svefnpokum og ýmsum öðrum útbúnaði og loks er þar stór sívalur bensíntankur, úr öðrum bíl. Yfir farangurinn er breitt segl. Utan á aurvörn bílsins er raðað bensínbrúsum og er planki bundinn utan að þeim. Þar eru líka tjaldsúlurnar.



Mánudaginn 14. ágúst 1933, kl. 8:00 hófum við ferðina. Einar og Valdimar eru aftur í bílnum og sitja ofaná farangrinum, ég sit við hlið bílstjórans. Það var hellirigning er við ókum inn Laugavegin og út úr bænum. Við vorum í regnkápum, með sjóhatta á höfðum, auk þess höfum við spennta yfir okkur eina heljarmikla risaregnhlíf. Sáum þó fljótt að ekki hentaði að hafa hana uppi er bílinn var á ferð. Það var ekki að furða þó mörgum árrisulur borgarbúa yrði starsýnt á för okkar.

Þrátt fyrir rigninguna leggst ferðin vel í okkur, við erum í besta skapi og þegar enn herðir á rigningunni í Svínahrauni varð einhverjum að orði: „Varla er hann verri á Sprengisandi.“

Við renndum í hlað á Kolviðarhóli. Sigurður hittir þar Hauk son sinn ungan.

Á Selfossi fengum við hjá Jóni Ingvarssyni vegaverkstjóra ýmsar nauðsynjar til ferðarinnar, svo sem kaðla, planka, járnkarl, skóflur og fl. og í mjólkurbúinu tókum við mjólk, rjóma og skyr til ferðarinnar.

Undanfarnar vikur hefur verið eindæma rigningartíð hér á Suðurlandi, svo rammt kvað að ótíðinni að vegamenn er unnu í mörgum flokkum í ákvæðisvinnu í Sogsvegi, hættu allir vinnu. Vegir eru því víða illa farnir. Sérstaklega er Landvegurinn slæmur. Þegar við komum þar, var hætt að rigna.

Við komum í Múla til Guðmundar bónda Andréssonar. Við spurðum hann hvaða álit hann hefði á þessu uppátæki okkar. „Þið komist norður af,“ sagði Guðmundur, „en blessaðir sendið mér skeyti þegar þið komið að Mýri.“

Við tókum 210 lítra af bensíni í Múla, höfðum 15 lítra, tókum því 225 lítra í ferðina.

Kl. 4:00 er við fórum fram hjá Galtalæk og kveðjum byggðina. Sunnanlands er orðið bjart í lofti og nokkru síðar er komið glaðasólskin. Nú er óbyggðin framundan, óræð, roðin geislum síðdegissólarinnar.

Kl. 6:00 komum við að Tröllkonuhlaupi í Þjórsá. Nú er veðrið svo gott að við getum ekki stillt okkur um að stansa um stund og horfa á ána hamast í hvítfyssandi strengjum á voldugum tröllkonustíklunum. Þarna er Búrfell á vinstri hönd, vestan árinna. Á hina höndina er Hekla í nokkurri fjarlægð.

Frá Rjúpnavöllum, nokkru neðan við Hlaupið, höfum við ekið um glerharða greiðfæra slétta vikursanda upp undir Sölvahraun. Þessir beru sandar heita Árskógar. Þarna norðan



Hjá Tungnaá. Ársgamlar bensínbergðir teknar upp.

við Rangárbotna skiptast leiðir. Fjallabaksvegur liggur í austur, en Sprengisandsvegur er í vesturjaðri Sölvahrauns. Norðan hraunsins þyngist færðin, sandurinn er fínn og hjólin vaða í. Nú göngum við, Sigurður komst nokkuð á undan. Skyndilega tók að rjúka úr bílnum. Við sáum Sigurð stansa og taka að kasta öllu lauslegu af honum, en þegar við komum lafmóðir til hans hafði honum tekist að kæfa eldinn í leiðslunum, er kviknað hafði í. Það tók nokkurn tíma að koma öllu í lag, m.a. urðum við að færa rafgeyminn og lagfæra ýmislegt. Við þetta töfðumst við frá kl. 7:00 - 7:55.

Færðin er slæm, þar sem sand hefur skefnt í hjólförin, en þar sem þeirra nýtur við er greiðfært.

Kl. 8:25 erum við hjá merkisteini 150 km frá Reykjavík.


Kl. 8:45 komum við á Vegtorfu mjög sendið greiðfært graslendi, sem nær að Tungnaá.

Kl. 9:00 komum að Tungnaá við ferjustaðinn í Haldinu. Hingað eru taldir vera 158 km frá Reykjavík.

Það er tekið að rökkva. Við getum ekki komið bílnum yfir ána í kvöld, en við ferjum talsvert af farangrinum yfir og tjöldum norðan árinna á lækjarbakka við hávaxnar hvannir. Komnir yfir kl. 9:50.

Kl. 11:00. Veðrið er eins gott og það getur verið, við höfum lokið við að matast og komið okkur fyrir í tjaldinu og nú njótum við þess að taka á okkur náðir við þungan nið Tungnaár er blandast léttum skvettum litla lækjarins. Brátt erum við á valdi svefnsins.

Þriðjudaginn 15. ágúst var bjart veður, logn og heitt af sólu. Eftir morgunhressingu rérum við suður yfir ána og fórum



Um 215 km af leiðinni eru hærri en 300 m yfir sjávarmáli. 170 km hærri en 600 m og 60 km hærri en 800 m. Á Núpufelli kemst vegurinn í mesta hæð, 1.002 m yfir sjávarmáli.



Hjá Tungnaá. Tjaldið er norðan árinna.



Bílnum rennt niður að ferjulægi. Haldið við með kaðli.



Bíllinn kominn um borð í ferjuna. Hún var 5 m löng og 2,2 m á breidd.



Einar og Valdimar undirbúa róðurinn.

strax að glíma við að koma bílnum norður yfir.

Svo hagar til á ferjustaðnum, í Haldinu, að þverhníptir hamrar eru að ánni að sunnanverðu, en að norðan eru lágar flatar klappi, eða melöldur. Niður að ánni að sunnan er farið um kleif milli klettanna og er það allbrött, en stutt brekka. Neðst, niðri við ána víkkar kleifin nokkuð. Þar eru geymdir

þrjár ferjubátar, dregnir upp að hömrnum. Stærsti báturinn var 5,0 m langur, 2,2 m breiður. Við tókum allan farangur úr bílnum. Bundum kaðli aftan í bílinn, brugðum kaðlinum um járnkarl er við rákum niður uppi á jafnsléttu. Sigurður settist upp í bílinn og stýrði en við smá gáfum eftir á kaðlinum, uns bíllinn var kominn niður að ánni. Þetta gekk greiðlega. Nú hrundum við fram stærsta bátnum, lögðum honum að bakkanum, bundum fram af honum og aftur af honum, röðuðum timbri og grjóti undir hann miðskipa þeim megin er að landi vissi, lögðum planku frá landi út á borðstokkinn og smá mjökuðum bílnum á hlið eftir plönkunum út í bátinn. Þetta gekk seint. Loks flaut þó báturinn drekkhlaðinn með bílinn.

Einar og Valdimar settust nú undir árar framan við bílinn og bundu árararnar við framhjólina. Við Sigurður drógum bátinn á kaðli spölkorn upp ána og slepptum honum þar, en bátverjar réru lífróður yfir ána, því straumur er þungur og áin um 90 m breið. Áður en varði voru þeir Einar og Valdimar lentir við flötu klappinnar niður undan tjaldinu okkar. Við Sigurður rerum nú norður yfir á öðrum litla bátnum og hjálpuðumst við allir við að koma bílnum á land og tókst það vel. Tómur er bíllinn talinn vera 750 kg þungur. Hve fljótir við vorum að ferja bílinn yfir Tungnaá stafaði af því að þeir þremmenningar, Einar, Valdimar og Sigurður höfðu sumarið áður ásamt fjórða manni komið að Tungnaá í Fordinum og tekist að ferja hann yfir ána og til baka aftur sömu leið.

Nú mældum við brúarstæði þarna á ferjustaðnum. Áin reyndist 88 m breið, smádyrkandi frá norðri í 4,0 m dýpi sunnan til í álnum. Einnig mældum við brúarstæði nokkru ofar. Þar reyndist áin aðeins 44 m breið yfir á melöldu að norðanverðu, er áin getur runnið á bak við í flóðum.

Nú mötuðumst við og hjuggum okkur af stað.

Kl. 12:50 lögðum við á Búðarháls, upp harða graslendisgeira, er teygja sig norður á hálsinn en þá taka við harðir melar. Þó brattinn sé lítill, göngum við fyrsta spölinn, 40 mínútur. Bíllinn er svo hlaðinn og alltaf er heldur upp á móti. Við ökum eftir miðjum hálsinum. Hér er sjálfgerður vegur um slétta mela, einstöku staksteinar á víð og dreif.

Kl. 4:00 erum við á hálsinum á móts við ármót Köldukvíslar og Tungnaár. Við stönsum af og til, til að kæla bílinn. Það er heitt í veðri og enginn andvari. Af og til máskúrir. Útsýni af hálsinum til suðurs er nú vitt.

Kl. 6:00 sökk bíllinn í aurbleytu í dæld á hálsinum. Við bárum allt af bílnum og lyftum honum upp með trjám. Þá var umhverfið orðið svo troðið að aka mátti burtu. Af þessu varð tveggja tíma töf.

Kl. 9:15 tjölduðum við í mosadragi nyrst á hálsinum. Með kvöldinu hefur orðið svalt í veðri. Vegalengdin er við höfum farið í dag er líklega um 18 km, og má leiðin heita mjög greiðfær, raunar sjálfgerður vegur.

Miðvikudaginn 16. ágúst. Frost hefur verið í nótt, 1 sm klaki er á pollum. Það er alheiðskírt og glampanði sólskin. Hrímið glitrar á jörðinni og útsýni til allra átta er dásamlegt. Kerlingarfjöllin skarta hvítu eftir nóttina og hjarnbunga Hofsjökuls hvílir nú enn hvítari en áður á sínum randfjöllum sem snjó hefur lítið fest á. Þeirra tignarlegast er Arnarfell hið mikla er skagar austast upp úr sjálfum jöklinum og er okkur fjarlæggt og öruggt leiðarmerki. Hálendi Tungnafellsjökuls rís í n.á. jökulkrýnt hátt yfir umhverfið austast í kvosinni milli Hofsjökuls og n.v. horns Vatnajökuls, Bárðarbungu, en sjálfan Vatnajökul ber við himinn í öllu austrinu. Það glampar víða á vatn, Kaldakvísl, Þórisvatn, Fiskivötn. Á þeim slóðum eru heilar fjallaþyrpingar með nýsnævi á öxlum.



Á Kili milli Kjalarvatna og Köldukvíslar. Arnarfell hið mikla í baksýn.

Suðurfjöllin með Heklu í miðið eru nú að verða fjarlæg og ekki sérlega áberandi. Sunnan og austan undir Búðarhálsi er breiður grösugur dalur, Þóristungur, er Kaldakvísl og Tungnaá renna um. Hann blasti vel við okkur í gær á leið okkar upp hálsinn.

Í vestri má greina Skjaldbreið, Hlöðufell og Langjökul, með sínum tignarlegu randfjöllum Jarlhettunum og Bláfelli og Hrutafelli nær. En næst okkur, að kalla við fætur okkur rennur Þjórsá í stórbrotnu landslagi gljúfra og gróðurs, með fjölda af þverám. Þar eru Gljúfurleit og þar rísa úðar upp frá fjölda fossa. Gljúfurleitarfoss, Dynkur og ótal fleiri. Ég hygg að fáir séu þeir staðir hér á landi, er komast má á í bíl, þar sem sé eins víðsýnt og af Búðarhálsi.

Kl. 6:30 höldum við úr tjaldstað. Allir klifrum við upp á bílinn. Framundan er allmikil dæld norðan við Búðarhálsinn. Við brunum áfram niður brattan hálsinn norður að Hvannavallakvísl er rennur á víðum eyrum, blárauðum til að sjá af blómstrandi eyrarrós.

Kl. 7:10 fórum við yfir ána, botninn er fastur. Nú er blæjalogn og svartur sandurinn margfaldar sólarhitann og þegar þar við bætist að við urðum að ýta bílnum upp á ölduna norðan árinna, er síst að furða þótt okkur volgni.

Nú höldum við eftir hörðum melum álíka greiðfærum og á Búðarhálsi. Leiðin liggur norður með fram Klifshagavallakvísl, hún er á hægri hönd, landið hækkar nú lítið eitt.

Kl. 8:30 fórum við austur yfir kvíslina og var erfitt að komast upp á hálsinn austan árinna. Hann er grýttur og ógreiðfær og nú miðar hægt áfram. Við höldum lengi eftir þessum hálsi, stefnum á Hágöngur, er nú blasa við í n.au.

Við erum í 80 til 100 m hæð yfir Köldukvísl, er við höfum á hægri hönd, en Klifshagavallakvísl er til vinstri. Hún á upp-tök sín þarna á sjálfum hálsinum í smávötnum. Það stærsta er á annan km á lengd.

Kl. 11:40 til kl. 1:20 tókum við okkur matarhlé. Þá vorum við enn á sama hálsinum. Við sóttum okkur vatn í læk er fellur í Köldukvísl. Um miðjan daginn snæðum við oftast tvíréttaðan heitan mat, súpu og annað hvort niðursoðið kjöt eða fisk með kartöflum. Kvölds og morgna látum við okkur oft nægja brauð, m.a. flatbrauð og ýmislegt með því, drekkum kaffi, te eða kókó og á öllum tímum grípum við harðfiskinn.

Kl. 2:00 erum við á móts við suðurenda á miklum vatnasklassa er heita Kjalvötn. Leiðin er grýtt og seinfarin.

Kl. 4:00 erum við staddir á hárrí öldu n.au. af Kjalvötnum. Leiðin hefur verið ógreiðfær að undanfögnu, en fór batnandi. Við ökum meðfram Grjótakvísl og um stund í vesturjaðri á sléttum leirum er kvíslar falla um í allar áttir, austur í Illugaver og suður í Grjótakvísl. Við höfum fjarlægst Köldukvísl og er hún hörfin bak við Sauðafell í austri. Nú eru Kerl-



Við sólaruppkomu hjá Illukvísl eða í Svörtubotnum. Hágöngur í baksýn í austri.

ingarfjöll komin á hlið við okkur og leiðin stýttist óðum í Arnarfell og Hágöngur. Við höfum ekki séð Þjórsá síðan á Búðarhálsi, þar til hún nú blasir við í n.v. Framundan okkur er nú víðáttumikið landflæmi, lágar ávalar melbungur, en á milli þeirra ýmist mýraflákar eða blautar leirur, en um landið kvíslast ótal ár og lækir. Okkur er ljóst að við verðum að forðast mýrarnar og árnar sem mest. Við stefnum því að hæðadrögum og öldum er við sjáum í austri. Hér taka fyrst við greiðfærir urðarhryggir. Svo lentum við í ótal krókum, eftir melöldum, þar sem mýraflóar virtust á allar hliðar en alltaf rættist úr fyrir okkur og við fundum færa leið.

Kl. 5:15 komum við að kvísl er rann suður úr einu verinu. Botninn var fastur urðarbotn. Þar skammt frá töfðumst við nokkuð í sandbleytu í annarri kvísl er kom úr sama veri. Graslendi er þarna all víðáttumikið, Stóriver. Þar syntu svanir á tjörnum og 30 gæsir hófu sig til flugs er við nálgðumst. Enn gátum við tekið góðan sprett á rennisléttum mel.

Kl. 6:20 varð fyrir okkur sandbleytukvísl. Við leituðum að vaði en fundum ekkert gott. Bundum þá kaðli í bílinn og kipptum í hann á meðan hann fór yfir bleytuna. Þetta ráð hefur oft gefist okkur vel. Við ökum nú austur að Þveröldu og utan í henni í nokkrum hliðarhalla og lítið eitt upp í móti.

Kl. 7:20 komum við að talsvert vatnsmikilli á. Hún kemur úr s.au. milli Þveröldu og Hnöttóttuöldu og á upp-tök sín í Þverölduvatni. Þetta er ein af upp-tökukvíslum Svartár. Við komumst greiðlega yfir ána, því klöpp var í botni. Okkur virtist vatnsmagnið í ánni lítið eitt minna en í Seyðisá á Kjalvegi.

Kl. 8:10 fórum við enn yfir smákvísl með mól í botni.

Í rökkurbyrjun komum við að Svörtubotnakvísl, allstórri á er rennur í afmörkuðum 10 m breiðum grýttum farvegi. Rétt fyrir neðan þennan stað eru þursabergshamrar að ánni en ofanvið eru blautar leirur og mýraflóar, Svörtubotnar. Við ruddum farveginn og vorum komnir yfir kl. 9:00 og tjölduðum á hinum bakkanum.

Í kvöld hefur þyknað í lofti. Þoka og regn er á Arnarfelli og Hofsjökli en bjart á Hágöngum og Vatnajökli. Við gerum ráð fyrir að hafa komist um 50 km í dag.

Fimmtudaginn 17. ágúst. Við erum snemma á fótum.

Kl. 4:00 kom sólin upp yfir Nyrðri-Hágöngum, þá tók ég mynd um leið. Veðrið er nú dásamlegt, það er logn og fjöllin laugast sól. Hvergi er skýhnoðra að sjá.

Kl. 6:00 héldum við úr tjaldstað. Við ökum eftir greiðfærum hörðum melum í stefnu nokkru norðan við Nyrðri-Hágöngur, um sjálfgerðan veg er aðeins þyrfti að merkja.

Kl. 7:00 lentum við í nokkrum erfiðleikum á sandbleytuleirum er smá kvísl rennur um. Urðum að draga bílinn og ýta honum yfir leirurnar. Við þykjumst sjá að heppilegra væri að aka austar og upp fyrir urðardrög þó grýtt séu.



Á háum mel í nánd við Hágöngur. Arnarfell hið mikla í baksýn.

Kl. 10:30 teljum við okkur vera í stefnu milli Arnarfells og Hágangna. Hér skiptast á ágætir greiðfærir melar og urðar-drög.

Kl. 11:30 komum við að grýttu dragi er við urðum að ryðja. Í því stóðu pollar og smátjarnir.

Hér tókum við okkur matarhlé til kl. 1:15 í blæjalogni og hitasólskini.

Nú gengum við spölkorn um ógreiðfært land (20 mín.) en þá tók við sléttur, þéttur sandur. Við ökum viðstöðulaust til kl. 2:40, komum þá að um 100 m breiðum þurrum farvegi, jafnlendum, flóruðum smá steinvölum. Við teljum þetta vera drög Háumyrarkvíslar. Handan þessa farvegar ökum við enn um greiðfæran sléttan sand.

Kl. 3:30 er við vorum vestur af miðjum Tungnafellsjökli varð fyrir okkur mikill farvegur ristur niður í sandinn um 20 m djúpur, 40-60 m breiður. Þursabergshamrar og brattar melöldur liggja að farveginum, en fönn og tjarnir eru í botni og ógreiðfær urð, er við ruddum. Hér rennur greinilega oft mikið vatn.

Kl. 4:00 vorum við komnir yfir gilið og eftir hálf tíma akstur um mjög fíngerða slétta, svarta sanda komum við kl. 4:30 að Fjórðungakvísl, stærstu ánni er orðið hefur á leið okkar og höfum við óttast að hún geti orðið okkur erfiður farartálmi. Áin hefur grafið sér nokkru breiðari farveg, en þann er við förum síðast yfir. Hún rennur þar niðri dreift á eyrum. Brattir melar liggja að henni þar sem okkur bar að, en nokkrum spöl neðar hverfur áin í gljúfur milli hárra þursabergshamra. Við ruddum leiðina niður að farveginum og leituðum fyrir okkur að vaði, því víða var sandbleyta, og komumst loks yfir á góðu vaði.

Landið sem við höfum farið um í dag hefur farið nokkuð hækkaði, en þess gæti lítið á svo langri leið.

Nú urðum við að sinna bílnum. Auk þess að fylla hann bensíni þurfti hann nú að fá nýtt „lovband“ í stað þess er brunnið var og sitthvað fleira. Gott var að geta unnið að þessu í skjóli við stóru regnhlífina því norðangolan er nöpur og köld þó enn sé sólskin.

Kl. 6:00 er við höldum af stað frá Fjórðungakvísl er kuldalegt að líta til Tungnafellsjökuls, þar er komin blindhríð.

Nú er landið jafnvel enn greiðfærara en áður, glerharðir jafnlendir melar framundan. Við stefnum á Fjórðungstöðu. Á miðri þeirri leið förum við kl. 6:40 enn greiðlega yfir djúpa rás í melana.

Kl. 7:20 komum við að vatnsstæði Fjórðungsvatns. Þar er þung færð á leirunum.

Síðan við förum frá Tungnaá síðastliðinn þriðjudag höfum við forðast reiðveginn. Frá ferjustaðnum þræðir hann gróðurlendið austan við Búðarháls, norður á Klifshagavelli og úr því norður fyrir hálsinn og fram með Þjórsá. Við höfum hinsvegar valið leiðina jafnóðum og við ökum áfram, reynt að þræða hæstu hryggi, svo sem unnt er, en valið aðalstefnuna eftir fjarlægum kennileitum því stöðugt er bjartviðri. Skyndilega ökum við kl. 7:45 óvænt inn á varðaðan Sprengisandsveginn, breiðan greiðfæran ruddan veg á vesturbakka Fjórðungsvatns. Það vakti þægilega öryggiskennd að vera nú loks á vegi.

Kl. 9:30 tjölduðum við skammt norðan við vatnið. Þá var þungt í lofti og brátt fór að rigna og áður en varði var komið norðan hríðarveður. Í dag höfum við líklega komist áfram um 55 km.

Ekki vorum við lausir við áhyggjur en forðumst að láta það í ljósi. Við vorum staddir inni í miðju landi í 800 m hæð yfir sjávarmáli og enn runnu vötn öll til suðurs. Vafalaust var ekki styttra en 70 km til byggðar á Norðurlandi, að Mýri í Bárðardal. Myndi snjóa svo mikið í nótt að við neyddumst til að skilja bílinn eftir? Við höfðum látið okkur detta í hug að slíkt gæti komið fyrir. Nú var vissulega gott að vera kominn á varðaðan veg. Auk tjaldsins er við höfðum notað í ferðinni, höfðum við líka annað mjög lítið og létt er duga skyldi okkur ef við neyddumst til að leggja land undir fót. Stöðugt snjóaði og veðurhljóðið hélt fyrir okkur vöku fram yfir miðnætti.

Föstudaginn 18. ágúst. Við vöknum kl. 5:00. Í tjaldinu er hálfrokkur af snjónum sem hlaðist hefur á það í nótt. Úti er ökklasnjór og enn snjóar, af n.v., en vind hefur mikið lægt. Við búumst til ferðar. Hristum það mesta af snjónum af bíl og farangri og nú bíðum við með nokkurri óþreyju eftir því að bíllinn fari í gang. Hann var tregur. Loks hugkvæmdist Sigurði það snjallræði, að „snapsa“ bílinn, eins og hann kallaði það og upp af honum stigu snögglega eldtungur. Þá komst vélin í gang okkur til mikils léttis. Við urðum síðbúnari en venjulega. Klukkan var orðin 8:15 er við yfirgáfum þennan kuldalega tjaldstað.

Við göngum í fyrstu þrír á undan bílnum, þræðum vörðurnar, en það er hálfblindað og við verðum að leita að vörðunum, enda sést ekki á milli þeirra í hríðinni. Landið er hér líka fremur ógreiðfært og grýtt, okkur gengur þó frammar öllum vonum og við sjáum jafnvel á stöku stað móta fyrir vegbrún, því hér er ruddur vegur. Snjórinn veldur bílnum litlum vandræðum, þó sumstaðar hafi dregið í skafla, sökum þess hve laus hann er.

Kl. 9:55 komum við í Tjarnardrag. Vindur hefur nú snúist



Tjaldstaður nyrst á Sprengisandi.



Á hæðunum norðan Fjórðungavatns.

frá n.v. í n. og það dregur úr snjókomunni. Við erum hér í 826 m hæð yfir sjávarmáli. Norðan við dragið hækkar landið örlítið. Þar er hæsti staður leiðarinnar og í draginu förum við yfir fyrsta rennandi vatn er kemst norður í Skjálfanda. Ekki er það þó krókalaust, því kvíslin rennur fyrst í suður og lendir þar í Jökulfallinu er svo fellur norður í Skjálfandaflljót. Þetta vitum við af því að nú ökum við eftir korti, ljósprentaða kortinu af nyrðri hluta leiðarinnar.

Kl. 10:35 komum við í Klyfberadrag.

Kl. 11:00 í Botnadrag. Nú hallar greinilega til norðurs.

Leiðin er grýtt og ógreiðfær. Hér er nokkur mýrargróður í draginu, eftir því rennur á, 18 m breið á vaðinu dýpi 30 sm, klöpp í botni.

Kl. 12:30 komum við að Kiðagilsá, er rennur í stórgrýttu dragi, 20 m breið og 40-50 sm djúp. Við förum yfir ána ofan við vaðið og tók það okkur fullan hálf tíma.

Nú er hætt að snjóa og tekur snjó ört upp. Regnið streymir úr loftinu.

Við reistum tjaldið á árbakkanum til að geta matast. Við vorum svangir, höfðum lítið borðað í morgun, en nutum nú þarna góðrar máltíðar og gæddum okkur á kaffi á eftir.

Kl. 3:30 héldum við af stað úr Kiðagili, okkur hafði dvalist þar í 3 klst. Brekkan upp frá ánni varð erfið og seinfarin. Niður með drögnum að vestan skiptust á greiðfærir melar og urðardrög. Nú er hætt að rigna en komin svo dimm þoka að við finnum ekki varðaða veginn en ökum eftir kompási um víðáttumikla mela. Norðan við Kiðagilshnjúk fundum við veginn aftur. Þá var tekið að rigna á ný og farið að hvessa af norðri og þegar rigningin magnaðist enn, sáum við okkur þann kost vænstan kl. 7:30 að tjalda í skjóli við bílinn í fátæklegu mosadragi um 3 km norðan við Fossgilsmosa. Það var ónotalegt að setjast þarna að, blautur úr opnum bílnum og það hefði ekki verið neitt spaug fyrir okkur í rigningunni, frekar en í snjókomunni í gærkvöldi að eiga tafl við páfann, hefðum við ekki notið skjóls af okkar ómetanlegu risaregnhlíf. Í dag hefur okkur ekki miðað áfram meira en 30 km.

Í gærkvöldi hélt hríðarveðrið fyrir okkur vöku, nú er það slagviðrið. En öll él styttir upp um síð. Þegar komið var fram yfir miðnætti, datt veðrið niður og við sofnuðum við þægilegan nið regnsins á tjaldinu.

Laugardaginn 19. ágúst. Við vöknudum kl. 6:00. Það er þoka og ýrir úr þokunni, norðan gola og nokkurt skyggni. Tjaldið er rennvott og ýmislegt hefur blotnað hjá okkur. Bíllinn reyndist tregur í gang og enn varð Sigurður að „snapsa“ hann.

Kl. 9:03 héldum við loks úr tjaldstað.

Kl. 9:12 komum við að Fremri-Mosum.

Kl. 9:30 að Ytri-Mosum. Nú er þurrt veður en sólarlítið. Við ökum eftir greiðfærum götum niður Mjóadal. Dalurinn er

þröngur. Upp hlíðarnar teygja sig lyngivaxnir gróðurgeirar, er þéttast eftir því sem neðar dregur. Það eru mikil viðbrigði frá flatneskju og gróðurleysi öræfanna. Okkur finnst að við séum að koma til byggða, enda vitum við að búið var í Mjóadal, þó bærinn sé nú í eyði. Það er freistandi að halda áfram niður dalinn, þó að hætta sé á því að við lendum í torfærum. Það halda bílstjóranum engin bönd og við brunum áfram eftir greiðfærum hlemmigötum. Þessum fjörspretti „gamla Fords“ létti ekki fyrir en langt niðri í dal. Þá komst hann ekki lengra, framundan var gróið land, djúpar hestagötur og kargabyífi. Í



Á Sprengisandi. Bensín sett á bílinn í hvassviðri.

fyrsta sinn í allri ferðinni urðum við að snúa við. Af þessu varð allmikil töf, ekki síst sökum þess að við ókum ekki alla leiðina til baka upp dalinn, heldur klöngruðumst upp austurbrekkuna og lentum þar í ótal lækjaskorningum, moldarbröðum og urðarskriðum.

Kl. 12:40 vorum við loksins komnir upp á hálsinn milli Mjóadals og Íshólsdals en þar var of bratt til að halda norður af. Við ókum því suður undir Ytri-Mosa, fyrir drög Íshólsdals og austur á fjallsbrún. Þar bylti Skjálfafljót sér á eyrum um 200 m neðan við fætur okkar í allbreiðum dal, Krókdal. Við sáum ofan á túnið á eyðibýlinu Hafursstöðum og framur í dalnum, þar sem hann þrengist vitum við af eyðibýlinu Helgastöðum. Margar ár renna úr suðri og austri í Skjálfafljót, eftir dölum er þar hafa grafið misdjúpt niður í landið. Gróður er sýnilegur í drögum og meðfram lækjum og ám og stöku gróðurtorfur standa á melum og moldum. Það leynir sér ekki að upplásturinn hefur herjað miskunnarlaust á landið hér framan byggðar á Norðurlandi.

Við sjáum yfir Suðurárhraun og á vesturbrún Ódáðahrauns, en þókan varði okkur útsýn til Vatnajökuls, Dyngjufjalla, Herðubreiðar og Mývatnsfjalla. Við ókum nú út fjallsbrúnina, því næst niður í Íshólsdal, væga brekku um greiðfæra mela niður að Íshólsdalsá, er við urðum að flóra með hellum til að komast yfir hana.

Kl. 2:40 - 4:20 tókum við okkur matarhlé við ána.

Kl. 5:00 bilaði bíllinn. Við erum ofarlega í dalnum og héðan blasir Íshólsdalsvatn við. Norðangolan er svöl. Sigurður fór að bjástra við bílinn í skjóli við regnhlífina. Það tók óvenju langan tíma og við gerðumst áhyggjufullir. Enn einu sinni var „lovbandið“ brunnið og varð að skipta um en sem betur fór hafði Sigurður tekið nokkur með.

Kl. 7:30 eftir tveggja og hálfis tíma töf höldum við aftur af stað. Nú er sýnt að við komumst ekki til byggða í dag. Við ókum niður Íshólsdal. Víða niður greiðfær en fremur hrjúf, þétt flóruð lækjadrög og að síðustu um graslendi og kl. 8:50 tjöldum við í rökkurbyrjun á bökkum Íshólsvatns, nokkru austan við rústir eyðibýlisins Íshóls. Hér niðri við vatnið er unaðslegt, veðrið er milt og hlýtt. Í dag höfum við sjálfsagt ekið 40 - 50 km, en tæplega miðað lengra áfram en 25 km.

Sunnudaginn 20. ágúst. Kl. 6:00 í morgun var hellirigning, en birtu svo upp og varð sólskin.

Kl. 7:30 héldum við úr tjaldstæði. Gekk stíðlega um graslendið fyrir botni vatnsins.

Kl. 8:35 komum við á varðaðan Sprengisandsveginn á hálsinum vestan Íshólsvatns. Nú sáum við fyrsta byggt býli í Bárðardal. Það mun vera Víðiker, austan Skjálfafljóts og sjáum við bæinn yfir Íshólsvatn.



Mýri í Bárðardal.

Víða eru greiðfærir kaflar á hálsinum, en brekkurnar niður með Hádegisfelli eru stórgrýttar og brattar og var þar mjög seinlegt og ördugt að komast niður og verður tæplegast komist upp í bíl.

Heppilegri leið mun vera austan Íshólsvatns.

Er við áttum skammt ófarið niður að vaðinu á Mjóadalsá, gegnt Mýri stönsuðum við hjá smálæk, er leiti bar á milli okkar og bæjarins og framkvæmdum þar eina allsherjar hreingerningu á bílnum og sjálfum okkur og klæddumst okkar skástu flíkum. Eyddum nú ekki löngum tíma til að matast, en komum okkur fyrir í bílnum og ókum sem greiðast um jafnlendi niður með Mjóadalsá og komum að vaðinu niður af Mýri kl. 3:00.

Jafn snemma og við komum í auglýn frá Mýri sáum við að maður snaraðist á hestbak og reið til móts við okkur, niður að ánni. Er hann hitti okkur, kvað hann vera búist við okkur að Mýri og bauð okkur þangað heim. Við töfðumst á árbakkanum, því að enn þurfti að skipta um brunnið „lovband“, svo að heim að Mýri komum við ekki fyrr en kl. 5:00.

Á Mýri var okkur tekið tveim höndum af Jóni bónda Karlsyni og Aðalbjörgu Jónsdóttur konu hans og leiddir að upp-búnu kaffiborði, með heimafólki og nokkrum kirkjugestum frá Lundarbrekku, er komnir voru til að sjá fyrsta farartækið er kom sunnan Sprengisand og farþega þess. Jón kvaðst hafa vitað um ferð okkar frá Guðmundi í Múla á Landi, er hefði spurt um okkur, óttast að norðangarðurinn hefði tafið för okkar.

Meðan við sátum undir borðum gat bóndi þess að úti biði okkar söðlaðir gæðingar. Það myndi tilbreyting fyrir okkur, eftir bílferðina að skreppa nú á hestbak.

Brátt skeiðuðum við í hópi Bárðdælinga, austur að Aldeyjarfossi, tignarlegum fossi í Skjálfafljóti. Er við um kvöldið í rökkurbyrjun vorum komnir í hlað á Mýri og höfðum orð á því, við húsráðendur, að við hefðum í hyggju að halda ferðinni áfram um kvöldið. Var ekki við það komandi, nú biði maturinn og við ættum eftir að segja ferðasöguna.

Við gistum á Mýri í góðu yfirlæti. Ég vissi að amma mín í föðurætt, Herdís Ásmundsdóttir var ættuð frá Mýri. Nú fræddi Jón Karlsson mig á því að við ættum sameiginlega langömmu Guðnýju dóttur Jóns, er kallaður var hinn ríki og var bóndi á Mýri. Bræður hans voru m.a. Sigurður á Gautlöndum afi Gautlandabráðra og Kristján í Krossdal afi Kristjáns Fjallaskálds.

Jón ríki var jafn kunnur fyrir ríkiðæmi sitt sem rausn og hjálpssemi við þá sem í þrot komust. Hann var mikið í ferðum yfir Sprengisand, bæði fyrir og eftir aldamótin 1800. Hann flutti varning á fjölda hesta frá Reykjavík og Eyrarbakka til



Með Bárðdælingum í útreiðartúr að Aldeyjarfossi



Möðruvellir í Hörgárdal.



Bakkasel í Öxnadal.

Norðurlands, allt norður á Langanes. Stundum fór hann norðan Hofsjökuls og um Kjalveg. Jón Halldórsson bóndi á Mýri, faðir Jóns ríka, var einnig mikið í ferðum milli landsfjórðunga.

Mánudaginn 21. ágúst, milt veður en sólarlítið. Páll Hermann Jónsson á Stóruvöllum kom ríðandi hingað í morgun og verður samferða í bílnum til baka. Hann býður okkur að þiggja hjá sér miðdegisverð í dag. Ég heimsótti þennan frænda minn fyrir 10 árum. Faðir minn og hann eru hálf systkinasynir. Við komum þá nokkur í hópi ríðandi frá Akureyri, um Bíldsárskarð, fram Fnjóskadal og eins og leið liggur um Vallafjall, að Stóruvöllum.

Kl. 10:40 fórum við frá Mýri. Leiðin út dalinn er ógreiðfær um óvegaða vallendisgrundir og stöku lagða kafla á milli.

Kl. 12:05 komum við að Stóruvöllum og dvöldumst þar til kl. 1:20, afþökkuðum Páls góða boð um að hvílast á Stóruvöllum um daginn og gista þar næstu nótt.

Kl. 1:45 fórum við fram hjá Hlíðskógum.

Kl. 3:00 fram hjá Hvarfi.

Kl. 3:35 og 3:43 yfir Skjálfandafljótskvíslarnar.

Kl. 4:00 komum við að Fosshóli og tókum þar bensín. Átt-

um við þá eftir 15 l af 225 er við lögðum upp með frá Múla á Landi. Þaðan teljum við vera 285 km að Fosshóli og höfum við því eytt 3/4 l á km. Raunar höfum við áreiðanlega ekið miklu lengri leið með öllum krókunum.

Þessu öræfaferðalagi okkar er nú lokið. Heim höldum við um byggðir.

Við komum til Akureyrar kl. 8:00 um kvöldið.

Priðjudaginn 22. ágúst dvöldum við á Akureyri til kl. 6:00, héldum þá til Möðruvalla og gistum hjá Sigurði presti Stefánssyni og frú hans.

Miðvikudaginn 23. ágúst fórum við frá Möðruvöllum.

Kl. 8:45. Stönsum í Bakkaseli. Bíll komst ekki hjálparlaust upp á Öxnadalshéiði, var dreginn. Á Blönduósi komum við til Jónasar lækis Sveinssonar og Sylvíu Siggeirsdóttur, konu hans. Við gistum á Brekku í Þingi í tjaldi okkar.

Fimmtudaginn 24. ágúst, fórum frá Brekku kl. 9:30, gistum næstu nótt á Húsafelli.

Föstudaginn 25. ágúst, fórum frá Húsafelli kl. 7:30, um Kaldadal í ágætu veðri til Þingvalla. Stönsum kl. 12 í Valhöll. Komum til Reykjavíkur kl. 4:00 á 12. degi frá því að við höfum ferðina.



Bílaflotinn kominn að Mýri í Bárðardal



Sama hús og sjá má á mynd á síðunni hér á móti.

Afkomendur Sigurðar Jónssonar frá Laug minnst Sprengisandsferðar

Þann 22. ágúst 2003 fóru afkomendur Sigurðar Jónssonar frá Laug í ferðalag yfir Sprengisand sem bar yfirskriftina „í fótspor feðranna“. Tilgangur ferðarinnar var að heiðra minningu þeirra fjórmenna sem 70 árum fyrr, árið 1933, óku þessa leið fyrstir manna í bíl.

Farið var að gamla ferjustaðnum á Haldi og gist þar. Daginn eftir var farið yfir nýja brú á Tungnaá og var ekið eins nálægt þeirri leið sem þeir fjórmenningar fóru. Hófst ferðin á Búðarhálsi og fundust þeir staðir í aðalatriðum sem sýndir eru á myndum og á korti frá ferðinni 1933. Á sunnanverðum

Sprengisandi naut leiðangurinn leiðsagnar Sveins Tyrfingssonar frá Lækjartúni sem smalað hefur Sprengisand frá 1961 og er vel kunnugur staðháttum.

Í ferðinni 2003 voru 13 bílar og um 45 leiðangursmenn, flestir afkomendur og tengdabörn Sigurðar Jónssonar frá Laug.

Pegar komið var að Mýri í Bárðardal tók á móti leiðangursmönnum Héðinn Höskuldsson sem hafði 70 árum áður tekið á móti þeim félögum þá 8 ára gamall.

Ljósmyndasýning í Hrauneyjum

Ljósmyndasýning með myndum úr fyrstu ferð bifreiðar yfir Sprengisand árið 1933 var opnuð í Hálandismiðstöðinni í Hrauneyjum þann 10. október sl. að viðstöddu fjölmenni.



Aktursípróttamaðurinn Ómar Ragnarsson klippti á borða til merkis um opnun sýningarinnar. Honum til aðstoðar var Jórunn Eggertsdóttir sem rekur Hálandismiðstöðina í Hrauneyjum.

Niðurstöður útboða

Djúpvegur (61), Kamsnes - Álftafjarðarbotn 03-048

Tilboð opnuð 7. október 2003. Vestfjarðaumdæmi. Endurlögn Djúpvegur af Kamsnesi og inn í Álftafjarðarbotn. Um er að ræða kafla, frá Kamsnesbeygjum og inn fyrir Hattareyri og síðan í Vatnshlíðinni alls um 8,68 km.

Helstu magntölur eru:

Bergskeringar	6.500 m ³
Fyllingar og fláafleygar	51.000 m ³
Neðra burðarlag	17.800 m ³
Efra burðarlag	15.800 m ³
Tvöföld klæðing	69.200 m ²
Rofvarnir	1.900 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5	Úlfar ehf., Flateyri	76.543.600	120,9	28.823
4	Hólsvélar ehf., Bolungarvík	75.703.000	119,6	27.982
---	Áætlaður verktakakostnaður	63.295.000	100,0	15.574
3	Kluftir ehf., Reykjavík	55.996.800	88,5	8.276
2	Fylling ehf., Hólmavík	53.919.000	85,2	6.198
1	Kubbur ehf., Ísafirði	47.721.000	75,4	0

Sýningin verður opin til vors 2004 og eru allir velkomnir að líta við.

Jón J. Víðis landmælingamaður tók myndirnar og skrifaði dagbók ferðarinnar sem er birt hér í þessu blaði. Hann var í þjónustu Vegagerðarinnar í meira en hálfa öld. Auk Jóns tóku þátt í ferðinni þeir Einar Magnússon menntaskólakennari, Valdimar Sveinbjörnsson íþróttakennari og Sigurður Jónsson frá Laug sem var bílstjóri leiðangursins. Þess má geta að næsta bílferð um Sprengisand var ekki farin fyrir en 15 árum síðar, árið 1948.

Það var með tilstyrk minjasafns Vegagerðarinnar og hjálp þeirra Sigurðar Haukssonar og Jakobs Hálfðanarsonar starfsmanna Vegagerðarinnar sem sýningin var sett upp. Sigurður er sonarsonur Sigurðar Jónssonar frá Laug og Jakob er systursonur Jóns J. Víðis. Jón Einarsson hönnuður setti sýninguna upp.

Hálandismiðstöðin er opin allt árið nema um jól og áramót. Gistiaðstaða er fyrir allt að 100 manns í 50 herbergjum. Boðið er upp á svefnpokapláss eða uppbúin rúm. Tveir veitingasalir taka samtals 120-130 manns í sæti.

Hringvegur (1)

um Kotá í Öræfum 03-094

Tilboð opnuð 7. október 2003. Austurlandsumdæmi. Annars vegar endurbygging Hringvegur um Kotá í Öræfum á um 0,9 km löngum kafla ásamt um 2,8 km af varnargörðum í farvegi Kotár og hins vegar niðursetning stálplöturæsis í Heiðarlæk í Öræfum ásamt tilheyrandi vegagerð á um 50 m löngum kafla þar um.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar í veg	6.000 m ³
Neðra burðarlag	3.500 m ³
Efra burðarlag	1.100 m ³
Klæðing	6.500 m ²
Fyllingar í varnargarða	36.000 m ³
Grjótvörn	12.500 m ³
Stálplöturæsi	21 m

Verkum skal að fullu lokið fyrir 15. mars 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
9	Jarðverk Hornafirði ehf.	49.802.500	133,2	21.402
8	Ræktunarsamb. Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	44.780.000	119,8	16.379
7	Ýting ehf., Egilsstöðum	37.858.500	101,3	9.458
---	Áætlaður verktakakostnaður	37.391.000	100,0	8.990
6	Rósaberg ehf., Hornafirði	37.083.000	99,2	8.682
5	Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	36.812.500	98,5	8.412
4	Framrás ehf., Vík í Mýrdal	36.304.000	97,1	7.903
3	S.G. vélar ehf., Djúpavogi	35.820.650	95,8	7.420
2	Ólafur Halldórsson, Höfn í Hornafirði	29.459.200	78,8	1.058
1	Suðurverk hf., Hafnarfirði	28.401.000	76,0	0

Rannsóknir Vegagerðarinnar

- Ráðstefna á Hótel Nordica föstudaginn 7. nóvember 2003

Þróunarsvið Vegagerðarinnar stendur fyrir ráðstefnu um rannsóknir Vegagerðarinnar, þann 7. nóvember 2003 á Hótel Nordica í Reykjavík.

Rannsókn- og þróunarstarf hefur ávallt verið stór þáttur í starfsemi Vegagerðarinnar, en segja má að það hafi fengið aukið vægi með breytingum á vegalögum 1994, sem tvöfaldaði fjármagn til rannsókna. Samkvæmt vegalögum skal ár hvert verja 1% af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn

Vegagerðarinnar. Árið 2002 var þessi fjárveiting á vegáætlun 98 m.kr.

Ráðstefnan fjallar einkum um hluta þeirra verkefna sem fengu styrk úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar árið 2002.

Unnt er að skrá sig á heimasíðu Vegagerðarinnar:

http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/vr_7_ranns_2003.html

Þátttökugjald er 9.500 kr. og 2.000 kr. fyrir nemendur.

Dagskrá

08:00-09:00 Skráning

09:00-09:15 Setning
Hreinn Haraldsson, Vegagerðin

09:15-09:30 Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar
Ásdís Guðmundsdóttir, Vegagerðin

Jarðtækni og steinefni, burðarlög og slitlög

09:30-09:45 Námukerfi Vegagerðarinnar
*Hafdís Jónsdóttir og
Hersir Gíslason, Vegagerðin*

09:45-10:00 Evrópskar samanburðarrannsóknir á frostþoli
*Pétur Pétursson,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins*

10:00-10:20 Kaffi

10:20-10:35 Athugun á fergingu vegstæðis á mýri
Jón Skúlason, Almenna verkfræðistofan

Tæki og búnaður

10:35-11:00 Stjórnkerfi í vegapjónustu
*Nicolai Jónasson og
Einar Pálsson, Vegagerðin*

11:00-11:15 Prófun á nýrri gerð vegriða á snjóastöðum
Árni Jónsson, Orion

Brýr og steinsteypa

11:15-11:30 Sjálfútleggjandi steypa í brúargerð
*Indriði Níelsson,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins*

11:30-11:45 Ný gerð burðarþolstrefja í steinsteypu
*Ólafur Wallevik,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins*

11:45-12:00 Umræður / fyrirspurnir um erindi fyrir hádegi

12:00-13:00 Matur

Vatnafar, snjór, jöklar, jökulhlaup

13:00-13:15 Vöktun vatnsfalla
Árni Snorrason, Vatnamælingar OS

13:15-13:30 Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
*Helgi Björnsson og Finnur Pálsson,
Raunvísindastofnun HÍ*

Umferðaröryggi, upplýsingatækni

13:30-13:45 Áhrif Hvalfjarðarganga á umferðaröryggi
Auður Þóra Árnadóttir, Vegagerðin

13:45-14:00 Áfengisneysla og akstur á Íslandi
Ágúst Mogensen, nemi í afbrotafraeði

14:00-14:15 Umferðarslys og vindafar
Skúli Þórðarson, Orion

14:15-14:30 Ökulag á þjóðvegum metið með gögnum umferðargreina /Hagnýting umferðargagna
Sigurður Erlingsson, Háskóli Íslands)

14:30-14:45 Mælingar á umferðaröryggi í akstri
Friðgeir Jónsson, ND á Íslandi

Arðsemi og fjármál

14:45-15:00 Verðmætamat á vegakerfinu
Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, Vegagerðin

15:00-15:30 Kaffi

15:30-15:45 Gjaldtaka af umferð
Hreinn Haraldsson, Vegagerðin

Umhverfismál

15:45-16:00 Vegagerð og mótvægisáðgerðir
Auður Magnúsdóttir, VSÓ Ráðgjöf

16:00-16:15 Notkun gróðurs með vegum
Samson Harðarson, Landmótun

16:15-16:30 Samsetning svifryksmengunar í Reykjavík
Bryndís Skúladóttir, Iðntæknistofnun

Annað

16:30-16:45 Evrópuráð vegarannsóknna
Hreinn Haraldsson, Vegagerðin

16:45-17:00 Umræður / fyrirspurnir um erindi eftir hádegi

17:00 Ráðstefnuslit, léttar veitingar í boði Vegagerðarinnar

Yfirlit yfir útboðsverk

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04	
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	04	
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	03	
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03	
03-093 Vl. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði	03	
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03	
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03	
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03	
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleik í Reyðarfirði, 2. áfangi	03	
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls	03	
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	03	
03-096 Sl. Markarfljót, varnargarðar neðan Hringvegar	03	
03-097 Au. Jökulsá í Lóni, varnargarðar neðan Hringvegar	03	
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	10.03	
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	10.03	
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	10.03	
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	10.03	
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	20.10.03	04.11.03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	20.10.03	04.11.03
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekkaheiði - Saurbæjará	06.10.03	21.10.03
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-094 Au. Hringvegur (1) um Kotá í Öræfum	22.09.03	07.10.03
03-048 Vf. Djúpvvegur (61), Kamsnes - Álfafjarðarbotn	22.09.03	07.10.03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813), Ólafsfjarðarvegur - Möðruvellir	08.09.03	23.09.03
03-049 Vf. Djúpvvegur (61), Forvaði - Þorpar	08.09.03	23.09.03
03-089 N.ey. Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð 2003-2008	25.08.03	09.09.03
03-088 N.ey. Vetrarþjónusta í Eyjafirði 2003-2008	25.08.03	09.09.03
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún <i>Jón og Tryggvi ehf.</i>	30.09.03	14.10.03
03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar <i>Rósaberg ehf.</i>	12.05.03	08.10.03
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Prestshús <i>Sandvirkí ehf.</i> (endurbirting vegna villu í dagsetningu)	09.09.03	25.09.03

Samningum lokið, framhald Auglýst: Opnað:

03-086 Vl. Vetrarþjónusta á Holtavörðuheiði 2003 - 2008 <i>Eyjólfur Valur Gunnarsson</i> (endurbirting vegna villu í dagsetningu)	11.08.03	23.09.03
03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli <i>Fylling ehf.</i> (endurbirting vegna villu í dagsetningu)	23.06.03	22.09.03

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1), um Össurá og Hlíðará í Lóni 03-081

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í endurbætur á Hringvegi í Lóni. Setja á stálplöturæsi í Össurá og Hlíðará ásamt tilheyrandi vegagerð á samtals 0,7 km kafla. Ræsin koma í stað gamalla einbreiðra brúa sem á að rífa.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	9.000 m ³
Stálplöturæsi	52 m
Grjótvörn	1.200 m ³
Neðra burðarlag	3.500 m ³
Efra burðarlag	700 m ³
Klæðing	4.500 m ²

Verkum skal að fullu lokið fyrir 15. maí 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 20. október 2003. Verð útboðsgagn er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 4. nóvember 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur 03-074

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð Hringvegar á Möðrudalsöræfum frá Vegaskarði að klæðingarenda í Langadal á um 12 km löngum kafla. Verkinu er skipt í tvo kafla, heimilt verður að bjóða í hvorn kafla fyrir sig eða báða saman.

Helstu magntölur eru í heild:

Bergskeringar	30.000 m ³
Fyllingar	350.000 m ³
Stálröraræsi	750 m
Stór stálplöturæsi	85 m
Neðra burðarlag	75.000 m ³
Efra burðarlag	20.000 m ³
Klæðing	90.000 m ²
Frágangur fláa	300.000 m ²

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 20. október 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 4. nóvember 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.